

Jóralög

1. Á jólunum er gleði og gaman.

Spænskt þjóðlag. Ljóð: Friðrik Guðni

://: Á jólunum er gleði og gaman
fúm , fúm, fúm. ://:

Þá koma allir krakkar með
í kringum jólatréð,
þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlægja' og syngja saman
fúmm, fúmm, fúmm.

://:Og jólasveinn með sekk á baki
fúm, fúm, fúm.://:

hann gægist inn um gættina
á góðu krakkana,
þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlægja' og syngja saman
fúmm, fúmm, fúmm.

://:Á jólunum er gleði og gaman
fúm, fúm, fúm,://:

þá klingja allar klukkur við
og kalla á gleði og frið,
þá mun ríkja gleði og gaman,
allir hlægja' og syngja saman
fúmm, fúmm, fúmm.

2. Adam átti syni sjö

Danskt þjóðlag / Húsgangsbýðing

Adam átti syni sjö
sjö syni átti Adam.
Adam elskaði alla þá
og allir elskuðu Adam.
Hann sáði, hann sáði.
Hann klappaði saman lófunum,
hann stappaði niður fótunum,
hann ruggaði sér í lendunum
og sneri sér í hring.

3. Bjart er yfir Betlehem

Enskt lag. Ljóð: Ingólfur Jónsson frá Prestbakka

Bjart er yfir Betlehem,
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarnan allra barna.
Var hún áður vitringum
vegaljósið skæra.
Barn í jötu borið var,
barnið ljúfa, kæra.

Víða höfðu vitringar
vegi kannað hljóðir.
Fundið sínum ferðum á
fjöldamargar þjóðir.
Barst þeim allt frá Betlehem
birtan undurskæra.
Barn í jötu borið var,

barnið ljúfa, kæra.

Barni gjafir gáfu þeir.
Blítt þá englar sungu.
Lausnaranum lýstu þeir,
lofgjörð drottni sungu.
Bjart er yfir Betlehem
blikar jólastjarna.
Stjarnan mín og stjarnan þín
stjarnan allra barna.

4. Bráðum koma blessuð jólin

Lag: W.B.Bradbury. Ljóð: Jóhannes úr Kötlum
Bráðum koma blessuð jólin,
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallett
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn
vandi er um slíkt að spá.
Eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.

5. Jólasveinar einn og átta

Enskt lag. Íslensk þjóðvísa
Jólasveinar einn og átta,
ofan komu af fjöllunum.
Í fyrrakvöld þeir fóru að hátta,
fundu hann Jón á völlumunum.
Andrés stóð þar utan gátta
það átti að færa hann tröllunum.
Þá var hringt í Hólakirkju
öllum jólabjöllunum.

6. Jólasveinar ganga um gólf

Lag: Friðrik Bjarnason. Höf. Ókunnur
Jólasveinar ganga um gólf
með gylltan staf í hendi,
móðir þeirra sópar gólf
og hýðir þá með vendi.

Upp á stól stendur mín kannan,
níu nóttum fyrir jól
þá kem ég til manna.

(Jólasveinar ganga um gólf
með gildan staf í hendi,
móðir þeirra hrín við hátt
og hýðir þá með vendi.)

7. Það á að gefa börnum brauð

Íslenskt þjóðlag. Þjóðvísa
Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólnum,
kertaljós og klæðin rauð
svo komist þau úr bólunum,
:/: væna flís af feitum sauð
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla grýla dauð
og gafst hún upp á rólunum. :/: